LÖG

94
16. des.

um breyting á lögum nr. 40 30. júní 1942, um breyting á lögum nr. 112 9. okt. 1941, um lax- og silungsveiði.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 2. gr. laga nr. 40 1942 kemur nýr málsl., svo hljóðandi:

Einnig getur ráðherra, að fengnu áliti veiðimálanefndar, heimilað ádrátt fyrir beitusíld (smásíld og loðnu) á friðuðu svæði tiltekinn tíma árs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

LÖG

95
16. des.

um viðauka við lög nr. 14 20. okt. 1905, um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Nú er lánardrottinn búsettur eða dvelst í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða öðru því ríki á meginlandi Evrópu, sem er styrjaldarríki eða hernumið, og fellur þá krafa, er hann átti 10. apríl 1940 eða síðar á hendur aðila á Íslandi, ekki niður vegna fyrningar, fyrr en eitt ár er liðið frá því, að styrjaldarástandi eða hernáms í dvalarlandi hans er lokið og póstsamband er komið á milli þess lands og Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 16. desember 1943.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Einar Arnórsson.